



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat	7
3	Ytra mat	21
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
6	Foreldrasamvinna.....	24
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
8	Fylgigögn.....	28
8.1	Fylgiskjal 1- Umsögn foreldraráðs	29
8.2	Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal.....	



Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „**Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil**“

Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru **Virðing – Gleði – Vinátta**, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk (sjá skólanámskrá á heimasíðu bls. 7-10)

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar. við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Eflaust verða greinargerðir leikskólastjóra með svipuðu sniði þetta starfsár þar sem verkfall, veður og veira hafa haft gífurleg áhrif á starfsemi leikskóla. Það má segja að starfsfólk leikskóla sé mjög lausnamiðað og hafi sýnt æðruleysi og yfirvegum í þessu ástandi. Það er þakklæti sem er efst í huga mér við starfsfólk Hulduheima vegna eljusemi og lausnamiðaðrar vinnu við þessar frábrugðnu aðstæður. Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkurborgar heldur áfram af fullum krafti næsta skólaár og munum við áfram leggja áherslu á félagsfærni ásamt því að bæta við sköpun þar sem börnin fá að hafa áhrif á umhverfi sitt, en við vorum svo lánsöm að vera valin í samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem elsti árgangurinn mun fara á Korpúlstaði og vinna að verkefnum með þeim. Kennsluaðferðin „Leikur að læra“ er komin vel af stað hjá okkur og fengu starfsmenn og foreldrar námskeið og kynningu síðastliðið haust ásamt því að Kristín frá „Leikur að læra“ kom til okkar í janúar til að skerpa á ýmsum atriðum varðandi kennsluaðferðina. Við unnum með foreldraverkefni í vetur í tengslum við „leikur að læra“ en urðum að leggja það til hliðar þegar foreldrar gátu ekki lengur komið inn í leikskólann. Vináttuverkefni Barnaheilla „Blær“ er komið af stað hjá okkur og verður námskeið fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi í ágúst. Næsta starfsár mun umsjónamaður faglegs starfs taka til starfa þar sem hún mun gera Menntastefnuna skýra og skilmerkilega, halda utan um allar áætlanir, sjá um lærdómssamfélag og öll teymi og teymisfundi leikskólans. Við höfum ekki verið nógu dugleg að halda utan um Grænfána verkefnið okkar og ætlum við að hefja „Grænu skrefin“ næsta skólaár. Umsjónamaður faglegs starfs mun hafa yfirumsjón með því og fá til liðs við sig öflugt teymi í þá vinnu. Einnig mun umsjónarmaður faglegs starfs sjá um Barnaþing sem hefur verið stór þáttur í starfi skólans undanfarin ár en var ekki virkt á síðasta starfsári. Við stefnum á að endurvekja Barnaþingið næsta vetur þar sem við teljum mikilvægt að virkja börnin í lýðræðislegri hugsun og þau fái tækifæri til að hafa áhrif á skipulag leikskólastarfsins.

Síðastliðið haust var tekinn í notkun matsalur fyrir tvær eldri deildarnar og hefur það gengið mjög vel. Börnin eru orðin mjög sjálfstæð og sjálfbjarga við að skammta sér sjálf, hella í glas og skera matinn sinn, ásamt því að vera dugleg að hjálpa hvort öðru.

Við erum að skoða nýtt fyrirkomulag varðandi foreldrafundi og langar okkur að gera kynningarmyndband þar sem áherslur og starf leikskólans koma fram í máli og myndum. Ef okkur tekst þetta verður myndbandið sent á foreldra, sett á heimasíðu og facebook síðu leikskólans þar sem hver og einn getur skoðað það þegar hentar.

Við vorum með tæknikistuna síðasta starfsár þar sem börn og starfsfólk kynnti sér innihald hennar og hvaða möguleika hún gefur okkur til að efla okkur í upplýsingatækni. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu bauðst okkur að hafa tækniskistuna næsta starfsár, sem við vildum endilega því það er margt skemmtilegt sem leynist í tæknikistunni. Við vorum einu sinni á síðasta starfsári með Hour of code eða tækniklukkutíma sem að heppnaðist gríðarlega vel, en þá vorum við með stöðvar með mismunandi verkefnum. Börnin fóru á milli stöðva og fengu að skoða og prófa allskonar tæknidót. Þessi tækniklukkutími heppnaðist það vel að við höfum sett tækniklukkutíma inn á leikskóladagatal bæði haust og vor. Við vorum með jólasamveru/verkstæði í nóvember í annað sinn og verður það fastur liður í okkar starfi héðan í frá. Foreldrar og ættingjar barnanna eru mjög ánægð með framtakið.

Einn af föstum liðum í starfinu undan farin ár hefur verið danskennsla sem börn, foreldrar og starfsfólk hafa verið einstaklega ánægð með. Í vetur var enginn danskennsla þar sem kennarinn forfallaðist og er ekki vitað hvað verður næsta vetur, en við vonum það besta.



Skipulagsdagar eru sex á starfsárinu, en þar sem við náðum ekki að nýta þá alla síðasta starfsár vegna ástandsins í þjóðfélaginu þá eigum við einn eftir sem verður nýttur í ágúst og er hægt að sjá alla skipulagsdagana á skóladagatali 2020-2021.

Við ætlum að prófa nýjar dagbækur næsta starfsár. Í dagbækurnar fara allir viðburðir sem eru í leikskóladagatali, allir skipulagðir fundir og námskeið. Hver deild, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hannar dagbókina eftir sínum þörfum.

Við munum halda áfram að fara yfir allar áætlanir, lagfæra og gera nýjar þar sem við á. Heimasíða leikskólans verður einnig tekin í gegn.

Við hlökkum til næsta starfsárs í góðri samvinnu við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans.



UMBÓTAÁÆTLUN 2020-2021

Umbóta- þættir Hulduheim- ar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Að halda áfram að innleiða kennsluáðferðina „Leikur að læra“	Starfsmenn í „Leikur að læra“ teyminu sjá um að fylgja eftir áframhaldandi innleiðingu kennsluáðferðarinn- ar.	Hefst í september. Lýkur í maí 2021.	Stjórnendur, deildarstjórar, teymi og allt starfsfólk	Deildarmat 1x í mánuði Innleiðingarferlið metið á starfsmannafundi í apríl.	Að „Leikum og lærum“ sé virkt og endurspeglit í starfi skólans. Skoða mat frá deildarfundum og fundargerðum teymis.
Vináttu verkefnið „Blæ“	Að allar deildar haldi áfram að vinna með vináttuverkefnið „Blæ“.	Allir starfsmenn fara á námskeið á skipulagsdegi í ágúst.	Byrja í sept. 2020 og lýkur í maí 2021	Stjórnendur, deildarstjórar og allt starfsfólk.	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði.	Að vináttuverkefnið sé virkt og endur- speglit í starfi leikskólans.
Félagsfærni	Að auka hæfni einstaklingsins til að eiga árangursrík og jákvæð samskipti.	Frjáls leikur, að kennari sé til staðar í leik barnanna og með vináttuverkefninu „Blæ“ og „Leikur að læra“	Hefst september 2020 og lýkur í maí 2021.	Ábyrgðaraðili er deildarstjóri. Framkvæmt af deildarstjóra og deildarstarfs- mönnum.	Matstækið er gátlisti um „sjálfmynd og félagsfærni“ sem unninn er fyrir foreldraviðtöl í okt/nóv og mars/apríl. TRAS fyrir börn tveggja ára og eldri. Umræður á deildarfundum.	Niðurstöður úr gát- lista og umræðum á deildarfundum.
Barnaþing	Að börnin geti haft áhrif á umhverfi sitt.	Barnaþing einu sinni í mánuði, 5-6 börn í hóp. Barnaþing er fyrir tvo elstu árgangana. Börnin svara fyrirfram ákveðnum opnum spurningum. Unnið verður út frá svörum barnanna.	okt og nóv, febr, mars og apríl.	Deildarstjórar og stjórnendur barnaþings.	Endurmetið í lok hvers barnaþings.	Myndrænar og skriflegar skráningar
Sköpun	Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun, einnig að efla þekkingu sína, frumkvæði og leikni með fjölbreyttum áskorunum og opnum spurningum.	Barnaþing og sköpun þar sem börnin hafa áhrif á umhverfi sitt, samfélagið og starf leikskólans.	Hefst í september 2020 og lýkur maí 2021	Deildarstjóri, umsjónarmaður faglegs starfs, teymi og allt starfsfólk.	Metið á deildarfundum í hverjum mánuði og á starfsmannafundi í maí 2021.	Niðurstöður úr gát- lista og umræðum á deildarfundum.



2 Innra mat

Endurmat Álfhóls 2019-2020

Aldur barna í upphafi skólaárs var 1.0 – 1,9 ára, flest börnin lítið farin að tala. Fjögur börn voru fædd frá tímabilinu sept. til nóv. 2017 hin voru fædd árið 2018.

Haustið byrjaði með aðlögun, það komu 16 börn á deildina sem endurnýjaðist. Skólaárið gekk vel framan af en eftir áramót einkenndist það af verkfalli Eflingarstarfsmanna og ástandi í þjóðfélaginu vegna Kórónaveiru, Covid -19. En hægt var að nýta sér þessar aðstæður á jákvæðan hátt og vinna meira einstaklingslega með hvert barn og leggja áherslu á málörvun, sjálfshjálp, styrkja sjálfsmynd þeirra og skapandi starf. Á þessum tíma sáum við miklar framfarir hjá börnunum m.a. í samleik þeirra, málþroska og líðan þó þau væru í leikskólanum annan hvern dag. Börn sem lítið höfðu haft sig í frammi, blómstruðu, hegðunarvandkvæði barna minnkuðu og börnin nutu sín í leik og vettvangsferðum sem voru margar.

2019-2020 Það sem hefur gengið vel í vetur:

Fyrir hvern mánuð var sett upp námsáætlun sem unnin var út frá skólanámskrá, starfáætlun og skóladagatali. Deildarstjóri og starfsmenn deildar fóru yfir áætlun í upphafi mánaðar og síðasti mánuður var endurmetinn. Námsáætlun var sýnileg á vegg ásamt viðburðadagatali en þar voru settir inn allir helstu viðburðir mánaðarins eins og t.d. afmælisdaga barnanna. Viðburðadagatal var sent á foreldra. Lögð er mikil áhersla á málörvun við öll tækifæri s.s. við matarborðið, í leik á gólfi, skapandi starfi o.fl. Mikið er lesið fyrir börnin eitt í einu og í litlum hópum, gerum minna af því að taka börnin út af deild til að sinna sérstökum námsþáttum. Áhersla var á að vinna með börnin í litlum hópum. Andrúmsloftið verður aflslappaðra, leikurinn rólegri, minna um árekstra og auðveldara að sinna hverju barni fyrir sig.

Foreldrasamstarf gekk mjög vel, góð mæting var í foreldraviðtöl fyrir áramót og töluðu foreldrar um hvað börnin væru ánægð og líði vel hjá okkur.

Móttaka barna: Lögð er áhersla á að vel sé tekið á móti börnum og foreldrum, við förum til foreldra og barns, þjóðum góðan dag og leggjum áherslu á að barnið kveðji foreldri. Eftir morgunverð er frjáls leikur þar sem starfsmaður er ávallt til staðar. Upp úr kl. 9:00 hófst svo daglegt starf en þá er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða þjálfun í fámennum hóp inni í Hreiðri. Við erum ánægðar með þetta fyrirkomulag, minna álag, rólegri tími og ekki sífellt verið að taka saman efnivið eða að brjóta upp leik barnanna. **Styrkleikar:** Börnin voru fljót að öðlast öryggisfinningu en það sáum við á hvað þau voru fljót að mynda tengsl við starfsfólk deildar. Forvitni þeirra og gleði var sýnileg.

Tækifæri til umbóta: Skoða verkaskiptingu, hver starfsmaður hafi sitt hlutverk viku í senn.

Aðlögun: Aðlögun hófst 19. ágúst, henni var töluvert breytt frá því sem lagt var upp með, meðal annars vegna óska foreldra. **Þurfum að muna að hafa þarfir barnanna og vinnuskilyrði starfsfólks í forgangi.** Mikilvægt er að hafa tvær vikur á milli aðlögunarhópa, þannig að börnin séu búin að vera eina viku án foreldris áður en næsti hópur er tekin inn.

Styrkleikar: Starfsfólk var vel undirbúið, vissi til hvers var ætlast af því, ákveðin verkaskipting.

Tækifæri til umbóta: Að senda foreldri ekki of snemma frá þó að barnið sé lítið að sækja í foreldri sitt, hætta á bakslagi. Skipuleggja vel flutning barna milli deilda, starfsfólk geti fylgt þeim og jafnframt sé



nægt starfsfólk eftir á deildinni til að taka á móti nýjum börnum.

Samverustund eftir morgunmat: Allur barnahópurinn fór inni í hreiður, sest var niður og börnin fengu ávöxt. Hulduheima lagið var sungið og smá saman var stundin lengd og fleiri lög sungin.

Styrkleikar: Fastur liður, börnin fljót að læra hvað var í vændum þegar ávextir voru dregnir fram. Þau settust við vegginn og voru fljót að átta sig á til hvers var ætlast af þeim, leið vel og örugg í umhverfi sínu.

Tækifæri til umbóta: Ávallt séu 2-3 starfsmenn og skipst sé á við að stjórna samverustundum.

Flæði lestur: Farið var með 2-4 börn inn í hreiður, bók var lesin fyrir öll börnin, sama bókin var svo lesin fyrir hvert barn fyrir sig. Barn sat í fangi kennara, bók snúið þannig að hin börnin sáu líka.

Styrkleikar: Góð málörvunar stund, börnin mjög áhugasöm og glöð að koma og taka þátt. Við Merktum áhuga barna þannig að þau bentu oft á bókahilluna eftir flæði lestur og vildu að önnur bók væri lesin.

Tækifæri til umbóta: Gera áætlun um hvaða bók/bækur á að lesa, taka mið af þroska barnanna.

Tónlistarstundir: Farið var einu sinni í viku með 4 börn í einu ca. 10 mín. Lögðum áherslu á að vera í hóp, hlustun, taka tillit, skiptast á, læra hugtök, að syngja/spila, þulur og hafa gaman.

Styrkleikar: Börnin áhugasöm sem sést m.a. á mynda skráningum. Þau voru fljót að tileinka sér það sem verið var að leggja inn eins og t.d. fingraþuluna, klappa í takt, hægt, hratt, syngja hátt/lágt.

Tækifæri til umbóta: Að setja niður markmið fyrir hvern mánuð þar sem áherslur koma fram.

Fataklefinn: Öll vinna í fataklefanum gekk vel meðal annars að leggja inn reglur sem þar gilda. Við fórum fram með 2-4 börn í einu, lögðum áherslu á sjálfshjálp og málörvun. Gáfum okkur tíma til þess að klæða börnin og að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft. Tækifæri skapaðist fyrir börnin til að æfa sig í að klæða sig sjálf og þegar leið á veturinn voru elstu börnin orðin mjög dugleg. Sama fyrirkomulag var þegar börnin voru tekin inn, 2-4 börn í einu, farið með þau inn á deild áður en næsti hópur kom í fataklefa.

Styrkleikar: Börnunum leið vel, voru ánægð og örugg og lítið var um grát.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með það sem verið er að gera, gengur vel.

Útivera: Farið var út daglega stundum tvisvar á dag þegar veður leyfði. Börnin jákvæð og sjálfstæð og leituðu eftir aðstoð ef þau þurftu.

Styrkleikar: Í nýju útileiksvæði urðu börnin fyrr öruggari í útiverunni og nutu sýn betur. Þau byggðu upp sjálfstæði, sjálfsöryggi og hugrekki.

Tækifæri til umbóta: Fá fjölbreyttari efnivið og auðvelda aðgengi að honum með útileikfangakistu/skúr.

Hvöld: Hvöld barnanna eftir hádegismatinn gekk vel. Vorum með tvískipta hvöld, hluti inn í hreiðri og hluti frammi í stóra rýminu. Í upphafi voru tveir starfsmenn á hvorum stað þannig að börnin fundu fyrir öryggi.

Styrkleikar: Börnin voru fljót að læra til hvers var ætlast, að leggjast á sína dýnu.

Tækifæri til umbóta: Erum ánægðar með þetta fyrirkomulag, tökum mið af hverjum barnahóp fyrir sig.



Jólaundirbúningur: Jólaundirbúningur hófst um miðjan nóvember. Lögð var áhersla á að skapa notalega jólastemningu og að börnin fengju góðan tíma til að njóta sín. Skapandi starf var haft í hávegum ásamt því að hlusta á og syngja ýmis jólalög.

Styrkleikar: Náðum að halda jólastressi alfarið frá börnunum, þau nutu sín í skapandi starfi í rólegu umhverfi þar sem lögð var áhersla á einstaklingsvinnu.

Tækifæri til umbóta: Ánægðar með þetta fyrirkomulag, halda því áfram.

Frjáls leikur: Áhersla á leik og félagsfærni barna í litlum hópum til að stuðla að minna áreiti og betra mál- og leikumhverfi fyrir börnin. Starfsmenn ávallt til staðar á gólfinu með börnunum til að leiðbeina, kenna þeim að skiptast á og grípa inn í þegar þörf er á.

Styrkleikar: Börnunum leið vel, voru öruggari, minna var um árekstra þegar hópar voru minni, nutu sín betur í leik og starfi. Börn sem lítið hafa sig í frammi í stórum hóp fóru smá saman að tjá sig meira.

Tækifæri til umbóta: Skipuleggja betur nýtingu svæðisins frammi í samráði við Sólskinsbæ.

Endurmat Umbótaþátta 2019-2020

Efniviður fyrir könnunarleikinn: Gekk vel, allur efniviður tekinn saman. Flokkað í kassa og komið fyrir á aðgengilegum stað inn á hvorri deild (Álfhóll og Sólskinsbær) og starfsfólk meðvitað um að víxla efnivið um veturinn.

Styrkleikar: Fjölbreyttur efniviður sem börnin gátu unnið með og auðgað ímyndunarafli sitt.

Tækifæri til umbóta: Það er ekkert sem þarf að breyta en kannski hægt að bæta eitthvað.

Könnunarleikurinn: Gekk vel, 4-5 börn í hóp, ein stund í viku. Forföll voru vegna veikinda barna sem ekki var alltaf hægt að bæta upp. Vel gekk að gera skráningar, fengu börnin tvær skráningar í ferilmöppuna.

Styrkleikar: Það er mikið til af ýmsum efniviði og það er gaman að sjá hvað ímyndunarafli barna er mikið og hvað þau höfðu gaman að því að fást við þetta verkefni.

Tækifæri til umbóta: Setja okkur það markmið að taka myndir og gera skráningar. Hafa þá færri börn í einu þannig að það sé tækifæri til að gera þá vinnu.

Viðverumerkingar: Viðverumerkingar voru allar gerðar og komið fyrir þar sem auðvelt var að nálgast þær. Starfsfólk merkti samviskusamlega við og fór deildarstjóri yfir öðru hvoru.

Styrkleikar: Það er gott að geta séð hvaða börn fengu færri stundir en önnur og hvers vegna.

Tækifæri til umbóta: Ætlum að gera skráningar á fleiri stundir t.d. fínhyfingaverkefni, perla o.fl.

Dúkkukrókur: Færðum til skápa og afmörkuðum svæði fyrir dúkkukrók og kubbasvæði. Svæðið er mikið notað af yngri deildum, mætti vera meira heillandi og afmarkaðra, börnin sækja mikið í þennan efnivið. Svæðið var aldrei fullklárað þar sem listakrökur leikskólans var færður á þetta svæði og þrengdi að.

Tækifæri til umbóta: Verðum að endurskipuleggja svæðið framan við deildarnar.

Leikur að læra: Gekk ágætlega í samvinnu með Sólskinsbæ, verkfall og Covid – 19 komu í veg fyrir að einhver reynsla kæmi á þetta.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og ánægð, þau voru að læra reglurnar í leiknum. Gott aðgengi er að góðum gagnabanka og hafa starfsmenn farið á námskeið sem nýttist vel.

Tækifæri til úrbóta: Ábyrgðaraðili taki til verkefni sem vinna á með og setji fram markmið og kynni fyrir starfsfólki. Allir starfsmenn taki þátt, skiptist á að aðstoða.



Barn vikunnar/Lubbastundir: Gekk vel framan af vetri en töluverð veikindi barna settu strík í reikninginn. Barnið kom með bók að heiman sem var lesin í samverustund, kom með uppáhalds leikfangið sitt og sýndi barnahópnum, uppáhaldslögin spiluð og barnið kom með myndir að heiman. Barn vikunnar var tengt Lubba verkefninu og nú eru öll börnin búin að kynna Lubba og heyra lögin hans. Fyrsti stafur barnsins var tekinn fyrir og tengt Lubba, við skoðuðum staf barnsins og sýndum barninu táknið fyrir stafinn sinn. Mynd af barninu var hengd uppi á vegg ásamt Lubbatákninu, börnin sýndu þessu áhuga og gott tækifæri gafst til að skoða og prófa að gera táknið fyrir staf barnsins. Barnið aðstoðaði starfsmann við að leggja á borð og ná í matinn. Gerð var skráning fyrir hvert barn og sett í ferilmöppu barnsins.

Styrkleikar: Börnin fengu að njóta sín þegar þau voru barn vikunnar og voru áhugasöm að sýna það sem þau komu með að heiman eins og leikfang, myndir og hlusta á uppáhaldslögin sín. Vel gekk að gera skráningar og að grípa tækifærið þegar börnin mættu í leikskólann og bæta þeim upp stundir sem féllu niður vegna veikinda.

Tækifæri til umbóta: Að ábyrgðamenn verði tveir, þeir sjái saman um Lubbastundir með 4-5 börn í einu þannig að auðveldara sé að halda utan um hópinn þar sem þau eru mjög ung.

Skráningar: Öll börnin fengu um átta skráningar í ferilmöppuna sína. Starfsfólk tók myndir fyrir skráningar, ekki tókst alltaf að vinna þær jafnóðum, mikið var unnið upp í febrúar og mars.

Styrkleikar: Börnin hafa gaman að því að skoða og sýna öðrum hvað þau hafa verið að gera. Það sköpuðust umræður um skráningarnar sem er góð málörvun fyrir barnið. Starfsfólkið ígrundar skráningarnar, sér hvar áhugi barnsins liggur og gefst tækifæri til að aðstoða barnið í að auðga leik sinn.

Tækifæri til umbóta: Við ætlum að halda áfram eins og stefnan hefur verið.

Flæði-stöðvavinna: Eftir hádegi var í áætlun að vinna verkefni samkvæmt námskrá í samvinnu við Sólskinsbæ, með áherslu á fínhyfiverkefni, sköpun, holukubba, dúkkukrök. Á svæðinu sem við höfum unnið þessi verkefni á var gerð skipulagsbreyting sem þrengdi mikið að okkur. Reynt var að bjóða upp á verkefni en erfitt var að halda utan um þau vegna fjölda barna á of litlu og lítið afmörkuðu svæði.

Styrkleikar: Börnin sýndu flæði/stöðvavinna mikinn áhuga

Tækifæri til umbóta: Það þarf að gera þetta svæði rúmbetra því þetta eru mörg börn með mismunandi þarfir sem eru á þessum tíma. Hægt væri að setja felliborð þannig að hægt sé að mynda stærra svæði til leiks á gólfi, einnig þarf að klára að útbúa dúkku/eldhúskrök þannig að hann sé áhugaverður. Kubbasvæði og lestrar/kósý horn þar sem hægt væri að sitja með nokkur börn og lesa fyrir þau.



Álfhóll 2020-2021 Umbóta- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Matsþáttur Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Viðveru- merkingar	Að fylgjast með að hvert barn fái skipulagðar stundir þ.e. Blær, tónlistarstundir, flæðilestur, könnunarleik og leikur að læra.	Hafa viðverulista sýnilega og aðgengilega á hverju svæði þar sem skipulagðar stundir fara fram.	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn.	sept 2020.	maí 2021	Í undirbúningstíma.	Förum yfir viðverulistana og sjáum hvort verið sé að merkja við. Þetta er gert á deildarfundi í lok mánaðar.
Dúkkukrókur	Betra aðgengi að efnivið, auðvelda börnunum að víkka út frjálsa leikinn.	Endurskipuleggja svæði fyrir framan yngri deildar.	Deildarstjórar, leikskólástjóri.	sept 2020	Á að vera lokið í október.	Endurmetið á deildarstjórafundi í lok okt. 2020.	Skoða svæðið og leik barnanna.
Leikur að læra	Hvert barn fái eina stund í viku.	Unnið í fámennum hóp, 4 börn í hóp. Öll börnin	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn.	nóv. 2020	maí 2021	Á deildarfundi í lok des 2021.	Ljósmyndaskráning.
Lubba- stundir	Lubbastundin verður tengd verkefninu „Barni vikunnar“ Stundirnar verða einu sinni í viku og þá unnið með upphafsstaf barns vikunnar í samverustund. Hlustað á öll Lubbalögin reglulega. Tveir ábyrgðarmenn.	Unnið verður í fámennum hóp, 4-5 börn. Stafur barnsins skoðaður með Lubba og hlutir úr Lubba-kassanum. Upphafsstafur barnsins er hafður sýnilegur á vegg inn á deild.	Deildarstjórar og starfsfólk deildar. Mikilvægt að starfsmenn sinni þessu vel og sýni áhuga og frumkvæði.	okt. 2020	maí 2021	Endurmetið á deildarfundi, mánaðarlega Skráningar mynd/texti	Að börnin þekki Lubba og kannist við tákni upphafsstafanna, að þau geti klappað nafnið sitt og hinna barnanna. Skráningar mynd/texti.
Lestrar-kósý horn	Að hafa rólegan og aðlaðandi stað þar sem hægt er að setjast niður með fáum börnunum (1-2 börn) að lesa eða skoða bók.	Endurskipuleggja svæði fyrir framan yngri deildar.	Deildarstjórar, leikskólástjóri.	sept 2020	okt 2020	Endurmetið á deildarstjórafundi í lok okt. 2020.	Skoða svæðið og leik barnanna.
Flæði – stöðva- vinna	Að virkja starfsfólk í starfi með því að fela því ábyrgð á hverju svæði, viku í senn.	Áætlun um hvað hver á að gera á hverju svæði og hvenær.	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn	okt 2020	apríl – maí 2021	Á deildarfundi í lok hvers mánaðar.	Með skráningu á blað þar sem hver starfsmaður kvittar fyrir sig og hvað hann bauð uppá.



Sameiginlegt mat Kardemommubæjar og Sjónarhóls 2019 – 2020.

Í upphafi skólaárs var sú ákvörðun tekin að tvær elstu deildar leikskólans væru með þrjá aldurshópa. Fljótlega var sú stefna tekin að vinna saman þvert á deildar með hvern aldurshóp. Þannig töldum við okkur hafa betri möguleika á nýtingu starfsfólks deildanna.

Skólaárið á Kardemommubæ byrjaði með því að við kvöddum öll börn deildarinnar og óskuðum þeim góðrar skólavistar í grunnskóla. Þá hófst aðlögun tuttugu og þriggja barna, átta börn komu frá Sjónarhóli, ellefu börn frá Sólskinsbæ og Álfrhóli og fjögur börn komu frá öðrum leikskólum. Á deildinni voru þá átta börn fædd árið 2014, fimm börn fædd árið 2015 og í febrúar bætist við sjötta barnið á sama aldri. Ellefu börn voru fædd árið 2016 en eitt þeirra fór í annan leikskóla í september. Aðlögun barnanna gekk mjög vel en það tók börn og starfsmenn tíma að kynnast og börnin að ná saman. Einnig fannst starfsmönnum erfitt að ná að sinna þörfum allra barna eins og þeir vildu.

Á Sjónarhól komu átta börn fædd árið 2016 frá yngri deildum, Álfrhóli og Sólskinsbæ. Átta börn fóru frá okkur yfir á Kardemommubæ en tíu börn fædd 2014 og þrjú börn fædd árið 2015 voru fyrir á deildinni. Þannig að í upphafi skólaárs var Sjónarhóll með tuttugu og eitt barn, 10 börn fædd 2014, 3 börn fædd 2015 og 8 börn fædd 2016. Þó nokkrar breytingar urðu á hópnum yfir veturinn, þar sem tvö börn fluttu í önnur hverfi og fjögur börn komu ný inn. Af þessum sökum var aðlögun nýrra barna mjög reglulega yfir veturinn. Aðlögun barna gekk þó mjög vel bæði hjá þeim sem komu frá yngri deildum og hjá þeim börnum sem komu frá öðrum leikskólum. Aðlögun á miðju skólaári hefur áhrif og veldur auknu álagi á starf deildarinnar og fann starfsfólk nokkuð fyrir því. En í lok árs voru börnin orðin tuttugu og fjögur, ellefu fædd 2014, fjögur fædd 2015 og níu fædd 2016.

Starfáætlunin okkar fyrir 2019 -2020 var mjög metnaðarfull. Við byrjuðum með flæði í matartíma, þar sem áhersla er á félagsfærni og sjálfræði barnanna. Í kjölfar þessarar breytingar ákváðum við að sameina kaffitíma starfsfólks í eina 35 mínútur pásu. Jafnframt tókum við inn Leikur að læra, vináttuverkefnið Blæ og fléttuðum vinnu með málörvunarverkefnið Lubba inn í starfið. Þar sem sami aldur barna var á báðum deildum var dagskipulag deildanna samræmt og vann starfsfólk deildanna saman sem ein heild með hvern aldurshóp fyrir sig í skipulögðu starfi, útiveru, hádegishléi og á meðan flæði var í matsal. Einnig var hvíld barna sameinuð. Börnin voru svo á sinni heimeild eftir hádegismat. Þetta var ákveðin áskorun sem reyndi á starfsfólk. Sú vinna gekk þökkalega og starfið fór ágætlega af stað en upp komu athugasemdir frá starfsfólki um að skipulagið væri of stíft og að færri tækifæri gæfust til að eiga rólegar stundir með börnunum. Einnig þurfti starfsfólk að passa vel uppá að vera á réttum stað og á réttum tíma svo að skipulagið gengi upp.

Þó að nokkrir vankantar hafi komið upp, þá var úr þeim leyst og allt starfsfólk lagði sig fram við að halda í jákvæðni og virðingu fyrir hvert öðru með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Þar sannast að einkunnarorð leikskólans Virðing - Gleði – Vinátta eru ávallt í hávegum höfð.

Að fenginni reynslu eftir þennan vetur teljum við það ekki æskilegt að vera með þrjá aldurshópa á deild en stundum er aldursdreifingin innan skólans þannig að það er óhjákvæmilegt.

Skipulagt starf gekk vel fyrir áramót og fram í febrúar og náðum við að sinna flestum þáttum eins og til stóð. Eins og flestum er ljóst hefur seinni hluti skólaársins verið fordæmalaus vegna verkfalls Eflingar og kórónuveirunnar Covid -19. Höfðu þessir þættir mikil áhrif á allt skipulagt starf leikskólans þar sem börnin gátu ekki sótt leikskólann alla daga eins og áður. Það jákvæða við þetta ástand var að börn og starfsmenn nutu þess að vera saman í smærri hópum. Við teljum að ástandið hafi helst komið niður á



elsta árgangi leikskólans. Á lokaári leikskólavaldar er mikið um viðburði og fræðslu s.s samstarf við grunnskóla hverfisins, slökkviliðið, umferðaskólann, og ýmsar menningastofnanir. Einnig var kveðjuathöfn barnanna með öðru sniði í ár en með því að seinka henni um nokkra daga gátum við boðið foreldrum barnanna að taka þátt. Í vor var ákveðið að búa til sumardeild fyrir elstu börnin með áherslu á ferðir og útiveru. Má segja að með þessu hafi börnunum að nokkru leiti verið bætt upp það sem þau misstu af þó að tækifærin hafi ekki verið þau sömu. Sumarskólinn gekk mjög vel og börnin nutu þess að fara í fjölda ferða s.s. á söfn, í fjallgöngu og gönguferðir á mörg útivistarsvæði borgarinnar. Skólaárið 2020 – 2021 ætlum við að halda áfram að vinna með sömu þætti og komu fram í starfsáætlun 2019 – 2020. Við erum komin vel á veg með að festa þá í starfinu. Börnin sýna Leikur að læra og Blæ áhuga og teljum við að þessi námsefni auki þátttöku barnanna í eigin námi. Sköpun mun eiga stærri þátt í starfinu næsta skólaár þar sem sótt hefur verið um styrk til skóla- og frístundasviðs til að efla þennan þátt. Jafnframt er gaman að segja frá því að umsókn okkar um að taka þátt í samstarfsverkefni Myndlistaskólans í Reykjavík og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur næsta vetur var samþykkt og erum við mjög spennt fyrir því samstarfi, þar sem elstu börnin eiga kost á að njóta leiðsagnar myndlistarkennara.

Á næsta skólaári verða tveir árgangar á hvorri deild. Börn fædd árið 2016 verða á báðum deildum en börn fædd 2015 verða á Sjónarhóli og börn fædd 2017 á Kardemommubæ. Áherslur í starfi verða eins með börnum á sama aldri.

Kardemommubær og Sjónarhóll endurmat 2020-2021

Námsáætlun deildar:

Námsáætlun var sett upp fyrir hvern mánuð, sem unnin var út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Hún var kynnt starfamönnum á deildarfundum í upphafi hvers mánaðar og metin í lok mánaðar.

Læsi/Lubbastundir:

Styrkleikar: Mjög fljótlega í upphafi starfsárs tókum við ákvörðun um að nýta Lubba verkfærin inn í Leikur að læra stundirnar og fella niður eiginlegar Lubbastundir. Við notuðum Lubbatáknin þegar við lögðum inn bókstafi. Einnig hlustuðum við reglulega á Lubba sönglöggin. Áhugi barnanna á Lubba hefur aukist og eru veggspjöldin sýnileg í hæð barnanna uppi á vegg þar gefst börnunum tækifæri til að skoða og ræða Lubbatáknin. Öll börnin þekkja nú sitt Lubbatákn og mjög mörg þekkja helstu táknin. Auk þess fer litill Lubbi nú heim með „Barni vikunnar“ og eitt verkefni barnsins er að koma með hluti að heiman sem byrja á upphafstaf/stöfum í nafni barnsins. Barnið sýnir hinum börnunum og áhersla er á stafina, hljóð og atkvæði. Hljóm-2. (athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna) var lögð fyrir elstu börnin í október. Flest börnin voru í góðri færni eða meðalfærni. Þau börn sem voru með slaka eða mjög slaka færni var unnið með í leikskólanum auk þess sem börnin fengu æfingahefti með sér heim. Í febrúar var athugunin lögð aftur fyrir þau börn. Öll börnin sýndu miklar framfarir.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram á sömu braut. Auk þess munum við leggja áherslu á að allt starfsfólk deilda lesi og kynni sér nýja læsisáætlun leikskólans og vinni að settum markmiðum.

Tónlist og sköpun:

Styrkleikar: Mikið hlustað á tónlist á deildinni einnig er mikið sungið. Tónlistin sem fylgir vana verkefninu Blæ er í miklu uppáhaldi hjá börnunum. Auk þess var hlustað við á tónverkið um Maxi mús og börnin teikni túlkuðu tónverkið eftir hlustun. Einnig lærðu börnin þuluna Vindurinn vargur (Tónlistarskólinn á Akureyri) sem er mjög hrifandi og áhrifarík þula.



Tækifæri til umbóta: Gera enn betur og halda okkur við árstíðar bundin sönglög auk þess að taka fyrir eitt tónverk. Bæta mætti hljóðfærakost leikskólans til að gera tónlistarstundir og söngstundir fjölbreyttari og skemmtilegri.

Sjálfsfelling/einstaklingsnámskrá:

Styrkleikar: í upphafi starfsársins breyttum við skipulagi skólans og útbjuggum matsal með áherslu á flæði í matar- og kaffitíma. Það hefur gengið mjög vel og teljum við að sú ákvörðun hafi haft mikinn þátt í sjálfsfellingu barnanna og trú á eigin getu. Einstaklingsnámskrá er unnin út frá foreldraviðtölum og leggjum við okkur fram við að efla börnin og styrkja eins og kostur er. Einnig settu elstu börnin sér markmið í janúar. Ekki tókst að vinna áfram með þennan þátt í vetur en áætlað er að útfæra þessa vinnu betur næsta skóla ár.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram með matsalinn.

Leikur að læra:

Styrkleikar: Hefur gengið ágætlega. Aðeins bar á öryggi starfsmanna í upphafi en mjög mikilvægt var að fá upprifjunar námskeið á fyrsta starfsmannafundi 2019. Einnig reyndist vel að vera með Leikur að læra teymi sem hittist reglulega og til að fara yfir það sem vel hafði gengið og hvað þurfti að bæta. Einnig gekk foreldraverkefnið „á leið inn“ sem fór af stað eftir áramót mjög vel, foreldrar voru virkir þátttakendur og merktum við einnig að börnin ýttu þeim af stað að taka þátt.

Tækifæri til umbóta: Virkja fleiri starfsmenn í að vinna með Leikur að læra. Festa verkefnið betur í daglega starfinu auk þess að það teygi anga sína í útikennsluna.

Vináttu-verkefnið Blær:

Styrkleikar: Vináttu-verkefnið Blær fór vel af stað, skipað var teymi utanum „Blær“. Var byrjað með Blær stundir í hópastarfi og var kynnt fyrir börnunum fyrir hvað Blær stendur og svo farið í vinnu með spjöldin sem komu í töskunni sem og nudd stundir. Mikið hefur verið spilað af Blær tónlistinni inni á deild og þekkja börnin mikið af vinalögnum. Börnin fengu svo öll sinn Blær þegar jólasveinninn kom í heimsókn og fórum við þá að taka hann með í Blær-stundirnar sem og að hvetja börnin að leita til Blæs þegar þeim finnst þau þurfa á honum að halda.

Tækifæri til umbóta: *Halda áfram með vinnuna sem er byrjuð en vinna frekar með hugmyndir eins og Blær vikur þar sem verður unnið með verkefni tengdum Blær í kringum Valentínusardaginn og Dag eineltis. Einnig ætlum við að koma Blær verkefninu markvissara inni starfið því við teljum það gott tæki til að auka félagsfærni, tilfinningagreind og sjálfaga.



Kardemommu -bær og Sjónarhóll 2020-2021 Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Matsþáttur Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hefst	Lokið	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi /Læsis-áætlun leikskólans /Lubbi	Að vinna markvisst með alla þætti í nýrri læsisáætlun leikskólans. Að efla orðaforða, hljóðkerfisvitund og áhuga þeirra á ritmáli.	Að allir starfsfólk lesi læsisáætlun leikskólans setji inn í námsáætlun deilda. Flétta áherslur „Lubba“ inni „Barn vikunnar“ Auk þess sem Lubbatáknin verða notuð í „leikur að læra	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma.	sept. 2020	maí 2021	Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi	Fylla út gátlista sem fylgir læsisáætlun. Að börnin þekki a.m.k. málhljóðin og táknræna hreyfingu fyrir upphafstafina í nafninu sínu.
Leikur að læra	Að starfsfólk þekki og geti unnið með „Leikur að læra“ í leik og starfi með börnunum.	Setja Leikur að læra inn í dagskipulagið tvisvar í viku. Að vinna m.a. með bók- og tölustafi, liti, form og rím.	Tengiliður deildar og starfsmenn framkvæma	sept 2020	maí 2021	Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi	Öruggt og ánægt starfsfólk. Áhugasöm og virk börn.
Vináttuverkefnið „Blær“	Að vinna markvisst með forvarna-verkefnið Blæ	Að flétta námsefnið inn í sem flesta þætti starfsins. Og vinna verkefni í tengslum við ákveðna daga.	Deildarstjórar og tengiliðar deilda úr vináttuteyminu.	sept. 2020	maí 2021	Endur-metið mánaðarlega á deildarfundi	Skráningar hvernig unnið var með Blæ og hvort börnin sýndu verkefninu áhuga.
Sköpun	Að gera listakrök leikskólans aðgengilegri fyrir börnin. Að þau fái tækifæri til að kanna og vinna með margvíslegan efnivið. Að elstu börnin vinni undir leiðsögn myndlistakennara í Myndlistaskóla Reykjavíkur	Að nýta listakrök og önnur svæði leikskólans til listsköpunar. Að tónlistarstundir verði að meðaltali einu sinni í mánuði. Leggja áherslu á ljóð/ þulur og að börnin hlusti á tónverk og vinni með það s.s. með teiknitúlkun/ leikrænni tjáningu. Að elstu börnin fari í skipulagðar stundir í Myndlistarskóla Reykjavíkur	Deildarstjórar, starfsmenn deildar framkvæma.	sept. 2020	maí 2021	Endurmetið mánaðarlega á deildarfundi	Meta í samtölum við börn og starfsfólk hvernig til tókst með listakrökinn. Skrá þátttöku barna og verkefni og hvort börnin hafi notið þess að taka þátt í skapandi ferli.



Innra mat Sólskinsbæjar 2019-2020

Haustið byrjaði með aðlögun það komu 16 ný börn á deildina. Fyrst komu 10 börn frá Álfrólum í tveimur hópum og síðan bættust við 6 ný börn, á sama tíma og við fengum börn frá Álfrólum þá voru börn frá okkur að fara yfir á eldri deildar. Átján börn á deildinni eru fædd árið 2017 og eitt barn 2016.

Skólaárið gekk vel framan af en einkenndist síðan af verkfalli og ástandi í þjóðfélaginu vegna kórónuveiru. En hægt var að nýta sér þessar aðstæður á jákvæðan hátt vinna meira einstaklingslega með hvert barn og leggja áherslu á málörvun, sjálfshjálp, styrkja sjálfsmynd þeirra og skapandi starf.

2019-2020 það sem hefur gengið vel í vetur:

Fyrir hvern mánuð var sett upp námsáætlun sem unnin er út frá skólanámskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Deildarstjóri og starfsmenn deildar fóru yfir áætlun í upphafi mánaðar og síðasti mánuður var endurmetinn. Námsáætlun var aðgengileg fyrir alla starfsmenn og gekk vel að vinna eftir henni. Viðburðardagatal var gert fyrir hvern mánuð þar sem helstu viðburðir mánaðarins og afmælis dagar barnanna voru settir inn. Viðburðardagatal var skýrt, það kynnt starfsmönnum, sent í tölvupósti til allra foreldra og hengt upp á hurð deildar.

Það er lögð áhersla á málörvun, við notum öll tækifæri s.s. við matarborðið, í fataklefa, í leik á gólfi, í skapandi starfi, útiveru o.fl. Mikið er lesið fyrir börnin einstaklingslega og í samverustundum, einnig var farið í sögustundir á bókasafninu. Unnið var með félagsþroska barnsins og voru starfsmenn duglegir við að sitja með börnunum í leik á gólfinu og leiðbeina þeim í samskiptum.

Foreldrasamstarf gekk vel og var mæting góð í foreldraviðtöl í haust. Foreldrar töluðu að jafnaði um að börnunum liði vel og væru ánægð í leikskólanum.

Aðlögun: Haustið byrjaði með aðlögun 16 barna og gekk hún nokkuð vel. Við byrjuðum á að fá 10 börn frá Álfrólum í tveimur hópum og síðan bættust við 6 ný börn, á sama tíma og við fengum börn frá Álfrólum þá voru börn frá okkur að fara yfir á eldri deildar.

Styrkleikar: Starfsfólk á deildinni var vel undirbúið og ákveðin verkaskipting var.

Tækifæri til umbóta: Skipuleggja aðlögun á annan hátt m.a. gefa lengri tíma í hana

Móttaka barna: Lögð áhersla á að taka vel á móti börnum og foreldrum, bjóða góðan dag og fara til barnsins og taka það í fangið eða leiða inn á deild. Leggjum áherslu á að barnið kveðji foreldri þannig að það viti að nú sé foreldrið farið og við tekur leikskóladagurinn.

Styrkleikar: Börnin fundu sig örugg og góð tengsl myndast milli barna og starfsmanna. Börnin voru glöð og tilbúin að taka þátt í starfinu.

Tækifæri til umbóta: Gera skýrari verkaskiptinu hjá starfsmönnum þannig að hver starfsmaður hafi ákveðið hlutverk á þessum tíma dagsins eina viku í senn.

Útivera: Farið var út daglega og þegar veður var gott var farið út tvisvar á dag. Börnin voru glöð og ánægð með útiveruna og voru dugleg að leika sér. Börnin sýndu meira sjálfstæði í leik og að finna sér verkefni þegar líða tók á skólaárið.

Styrkleikar: Sjálfstæði þeirra, sjálfsöryggi og úthald til útiveru er mun meira nú en í upphafi skólaárs og gleði þeirra að fara út er mikil.

Tækifæri til umbóta: Setja upp markmið á því hvað við gerum í útiveru með börnunum t.d. að hjálpa þeim að komast í leik, fá þau til að leika sér saman o.s.frv.



Fataklefi/sjálfs hjálp: Vinna í fataklefa gekk vel það fóru tveir starfsmenn með 4-5 börn í einu í fataklefan og lögð var áhersla á sjálfs hjálp og málörvun. Það skapaðist rólegt andrúmsloft og börnin fengu þá hjálp sem þau þurftu. Sami háttur var hafður á þegar við fórum inn eftir útiveru.

Styrkleikar: Börnunum leið greinilega vel í fataklefanum og þau vissu til hvers var ætlast af þeim og voru örugg.

Tækifæri til umbóta: Þetta hefur gengið vel og verður haldið áfram.

Jólaundirbúningur: Jólaundirbúningur hófst í byrjun nóvember við höfðum góðan tíma og skapaðist afslöppuð og ljúf jólastemming. Lögð var áhersla á að hvert barn fengi einstaklingsmiðað nám og fengi að njóta sín í jólaundirbúningi. Við skreyttum með vinnu barnanna og jólaljósum og nutum aðventunnar með því að hlusta á og syngja jólalög.

Styrkleikar: Við fundum ekki fyrir neinu jólastressi hvorki hjá börnum eða starfsfólki. Skapandi starf var mikið og fékk hver einstaklingur að njóta sín. Öll börn gerðu jólagjöf, jólapappír og kort handa foreldrum sínum og pökkuðu gjöfinni inn með aðstoð kennara.

Tækifæri til umbóta: Við munum halda þessu fyrirkomulagi áfram eins vel og kostur er því okkur finnst það ganga vel..

Frjáls leikur: Áhersla var lögð á leik- og félagsfærni. Starfsfólk var mikið með börnunum í litlum hópum bæði á gólfinu og við borð, farið var með hóp inn í Hreiður og fram á gang, þannig að starfsmaður var til staðar í litlum hópi leiðbeindi og greip inn í þegar þörf var á. Börnunum var leiðbeint með að skiptast á, leika saman og eiga jákvæð samskipti. Þetta gekk vel og börnin voru rólegri og starfsmenn ánægðir með hvernig gekk.

Styrkleikar: Fundum miklar framfarir hjá börnunum og sáum mikinn mun á þeim leik. Einnig fundum við mun á líðan þeirra og minna var um árekstra þeirra á milli. Skapaði þetta léttara andrúmsloft og meiri gleði hjá börnunum.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að vinna á sömu nótum og verið hefur, alls ekki slá slöku við.

Flæði lestur: Þá fara 3-4 börn saman inn í Hreiður og það er lesin bók fyrir þau, sama bókin síðan lesin fyrir hvert og eitt barn, þetta gekk vel hjá okkur og fannst börnunum þetta gaman og voru dugleg að sitja, hlusta og spjalla.

Styrkleikar: Börnin læra að hlusta og fá tækifæri til að tala um efni bókarinnar og myndirnar. Þau eru í hópi en fá líka einstaklingsnám.

Tækifæri til umbóta: Gera áætlun um hvaða bækur á að lesa í hverri stund, taka mið af þroska barnanna.

Endurmat umbótapáttá 2019-2020

Leikur að læra: Samkvæmt dagskipulagi eiga „Leikur að læra“ stundir að vera einu sinni í viku og miðast það við að hvert barn fái eina stund á viku. Það gekk ekki alveg nógu vel að halda því og féllu þessar stundir of oft niður. Foreldraleikur átti að byrja seinni hluta vetrar en komst ekki almennilega af stað en hann er tilbúinn fyrir haustið.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og vildu fara í þessar stundir. Gerðar voru skráningar sem sýna áhuga og gleði barnanna. Búið er að útbúa góðan gangabanka sem er auðvelt að ná sér í verkefni í.

Tækifæri til umbóta: Það verða allir starfsmenn að taka þátt í því að vera með „Leikur að læra“ stund en ábyrgðaraðili gerir markmið fyrir mánuðinn þannig að allir geti gengið að því.



Barn vikunnar/Lubbastundir: Barn vikunnar gekk vel framan af vetri. Í samverustundum í vikunni var lesið það sem foreldrar skrifuðu í sérstaka bók um heimsóknina, bókin sem barnið kom með að heiman var lesin, uppáhalds leikfangið sýnt og sagði frá því í ræðupúlti, uppáhaldslög barnsins spiluð og myndir sem það kom með að heiman sýndar og barnið sagði frá þeim. Barn vikunnar var tengt Lubba verkefninu lögin hans Lubba spiluð og unnið með fyrsta staf barnsins. Við klöppum orð og nöfn barnanna og æfðum aðeins rím.

Styrkleikar: Öll börnin fá að njóta sín þegar þau eru barn vikunnar og þau eru áhugasöm að segja frá og sýna það sem þau koma með að heiman. Það eflir sjálftraust þeirra að standa fyrir fram hin börnin og segja frá.

Tækifæri til umbóta: Það er alltaf eitthvað sem hægt er að bæta en það hefur gengið vel það sem við höfum verið að gera þ.e. að tengja Lubba við barn vikunnar og höfum við ekki gert ráð fyrir að breyta neinu þar.

Efniviður fyrir könnunarleikinn: Foreldrum var sendur tölvupóstur og fengu útskýringu á hvað það var sem við vorum að leita eftir. Það stóð ekki á því að við fengjum nægan efnivið og var hann flokkaður í kassa sem við höfðum svo aðgengilegan fyrir báðar deildar Álfhól og Sólskinsbæ.

Styrkleikar: Fjölbreyttur efniviður sem börnin gátu unnið með og auðgað ímyndunarafli sitt.

Tækifæri til umbóta: Það er ekkert sem þarf að breyta en kannski hægt að bæta eitthvað.

Könnunarleikurinn: Það var könnunarleikur einu sinni í viku fyrir hvert barn og fóru þau í 4-5 barna hópum. Börnin fengu að njóta sín í leik með hinn ýmsa efnivið og nota hugmyndaflug sitt.

Styrkleikar: Það er mikið til að ýmsum efniviði og það er gaman að sjá hvað ímyndunarafli barna er mikið og hvað þau höfðu gaman að því að fást við þetta verkefni.

Tækifæri til umbóta: Setja okkur það markmið að taka myndir og gera skráningar. Hafa þá færri börn í einu þannig að það sé tækifæri til að gera þá vinnu.

Flæði/stöðvavinna: Eftir hádegi var í áætlun að vinna með verkefni samkvæmt námsskrá og þá í samvinnu við Álfhól, það átti þá að leggja áherslu á fínhreyfingar, klippa, líma, perla, púsla, kubba o.fl. Einnig átti að bjóða upp á frjálstan leik s.s. holukubba, dúkkukrök. Vegna skipulagsbreytinga á opna svæðinu varð lítið úr þessari vinnu, okkur tókst oftast að bjóða uppá vinnu á einu borði.

Styrkleikar: Þegar sett var upp verkefni sýndu börnin mikinn áhuga og hefði verið gaman að geta verið með fleiri stöðvar á þessu svæði.

Tækifæri til umbóta: Það þarf að skipuleggja þetta svæði betur því það eru mörg börn með mismunandi þarfir samankomin á þessum tíma á litlu svæði.

Tónlistarstundir: Það voru tónlistarstundir einu sinni í viku og var farið með 4-5 börn í einu í um það bil 10 mínútur. Auk þess spiluðum við mikið tónlist og dönsuðum. Lögð var áhersla á að hlusta, hvernig á að nota hljóðfæri, skiptast á, taka tillit til hinna, syngja og spila. Einnig var mikið sungið með börnunum í samverustundum.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og voru alltaf tilbúin að fara í tónlistarstund. Gerðar voru skráningar og sést þar hvað börnin höfðu gaman að.

Tækifæri til umbóta: Setja skýrari markmið fyrir hvern mánuð þannig að lögð verður sérstök áhersla á ákveðna þætti.



Dúkkukrókur: Ekki tókst að gera dúkkukrók eins og við ætluðum að gera.

Tækifæri til umbóta: Verðum að endurskipuleggja svæðið framan við deildarnar.

Viðverumerkingar: Starfsmenn merktu samviskusamlega við þegar börnin fóru í skipulagðar stundir.

Styrkleikar: Það er gott að geta fylgst með að öll börn fengu þær stundir sem í boði voru.

Tækifæri til umbóta: Ætlum að gera skráningar á fleiri stundir t.d. fínhyfingaverkefni, perla o.fl.

Skráningar: Gerðar voru þær skráningar sem stefnt var að og voru starfsmenn allir duglegir að taka myndir og gera skráningar.

Styrkleikar: Börnin hafa gaman að því að skoða og sýna öðrum hvað þau hafa verið að gera. Það skapast miklar umræður um skráningarnar og er það mikil málörvun sem á sér stað þar.

Tækifæri til umbóta: Við ætlum að halda áfram eins og áætlun hefur verið.



Sólskinsbær Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Matsþáttur Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Leikur að læra	Að öll börn fái eina stund í viku	Unnið í fámennum hópum, 4 börn í hóp.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn	15. sept. 2020	15. mars 2021	Á deildarfundum í lok hvers mánaðar.	Tókst okkur að vekja áhuga barnanna og tóku þau þátt í leiknum.
Lubba-stundir	Einu sinni í viku. Unnið er með Lubba í tengslum við „Barn vikunnar“, þá upphafsstaf barnsins. Hlustað á Lubbalögin	Færri börn í hóp þegar Lubbastund er, hámark 8 . Stafur barnsins skoðaður með Lubba og hlutunum úr kassanum, upphafsstafur barnsins hafður sýnilegur uppi á vegg.	Deildarstjóri og starfsfólk deilda. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	sept. 2020	apríl 2021	Endurmetið á deildarfundum samhliða deildarnám-skrá. Skráningar mynd/texti.	Að börnin þekki Lubba og kannist við tákn upphafsstafs síns. Skráningar mynd og texti.
Flæði/stöðvavavinna	Að virkja starfsfólk í starfi með því að fela þeim ábyrgð á hverju svæði, vika í senn.	Áætlun um hvað hver á að gera á hverju svæði og hvenær.	Deildarstjóri og starfsmenn deilda. Mikilvægt að allir starfsmenn á deildinni sinni þessu vel og sýni frumkvæði.	sept. 2020	apríl 2021	Endurmetið á deildarfundum í lok hvers mánaðar.	Með skriflegri skráningu þar sem hver starfsmaður kvittar fyrir hvernig til tókst.
Dúkkukrókur	Hafa betra aðgengi að efnivið. Auðvelda börnunum að vikka út frjálsa leikinn.	Endurskipuleggja leiksvæðið fyrir framan yngri deildarnar.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	september	Á að vera lokið í október.	Endurmetið á deildarstjórafundum í lok október 2020	Skoða svæðið og leik barnanna.
Viðverumerkingar	Að fylgjast með því að hvert barn fái skipu lagðar stundir þ.e. tónlistarstundir, flæðilestur, könnunarleik, „leikur að læra“ og Blæ stundir	Hafa viðverulista sýni/aðgengilega á hverju svæði sem stundir fara fram.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	okt. 2020	Máí 2021	Í undirbúningstíma.	Hvernig gengur að merkja við viðverulista.
Lestrar,kósý horn	Að hafa aðlaðandi stað til að setjast niður með fáum börnum og lesa eða skoða bók.	Endurskipuleggja leiksvæðið fyrir framan yngri deildarnar.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	sept. 2020	okt. 2021	Endurmetið á deildarstjórafundum í lok október 2020	Skoða svæðið og leik barnanna



3 Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð í byrjun árs, aðeins 11 starfsmenn svöruðu könnunni eða 46%. Niðurstöður voru mjög svipaðar könnuninni frá árinu 2019 og ætlum við því að leggja áherslu á það sem þurfti að bæta úr samkvæmt könnuninni 2019, næsta vetur.

- „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“
- **Styrkleikar:** Lærdómssamfélag og teymisfundir hófust haustið 2019
Tækifæri til umbóta: Opnari umræða á faglegum nótum.
- „Upplýsingaflæði á mínum vinnustað er gott“
- **Styrkleikar:** Upplýsingafundur haldinn á hverjum morgni, fundargerðir og aðrar upplýsingar settar á kaffistofu, stjórnendateymisfundir einu sinni í viku.
Tækifæri til umbóta: Hvetja starfsfólk til að lesa fundargerðir og leita sér upplýsinga.
- „Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt eða vinnustað“
- **Styrkleikar:** Upplýsingafundur haldinn á hverjum morgni, fundargerðir og aðrar upplýsingar settar á kaffistofu, stjórnendateymisfundir einu sinni í viku og deildarfundir á tveggja vikna fresti.
Tækifæri til umbóta: Hvetja starfsfólk til að leita sér upplýsinga hjá deildarstjóra, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra eða þeim sem málið varðar.
- „Mínum vinnustað er vel stjórnað“
Styrkleikar: Nýr leikskólastjóri, nýjar áherslur og ný tækifæri.
Tækifæri til umbóta: Gefa skýrari fyrirmæli.
- „Á síðustu 12 mánuðum hafa nýir starfsmenn fengið nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstímans
- **Styrkleikar:** Ný móttökuáætlun hefur verið gerð, eintak fyrir starfsmann og annað eintak fyrr stjórnanda.
- **Tækifæri til umbóta:** Láta móttökusamtöl ganga fyrir og virkja leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra í að taka samtalið.

Þessa þætti verðum við að skoða sérstaklega og setjum við þá í töfluna um umbótaþætti í ytra mati leikskólans. En margir þættir komu vel út og höldum við áfram okkar vinnu við að halda þeim í jafnvægi.



UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Ákvarðanir/fag- legar forsendur	Hafa ákvarðanir markvissar og byggðar á faglegum forsendum.	Hafa fagfundi utan vinnutíma. Lærdóms- samfélag og teymi	Leikskólastjóri og umsjóna- maður faglegs starfs.	sept 2020	júní 2021	Teknir út ákveðnir þættir í skólastarfinu og unnar faglegar áætlanir. Það er svo metið á stjórnenda- teymisfundum í lok janúar og í lok maí.	Skriflegar niðurstöður sem koma út úr þeim áætlunum sem gerðar eru. Metið á fundum hvort áætlanir hafi staðist væntingar
Upplýsinga- flæði	Að bæta upplýsinga- flæði til starfsmanna.	Setja upplýsingatöflu á kaffistofuna þar sem verða settar tilkynn- ingar og ýmsar upplýsingar.	Leikskólastjóri umsjónar- maður faglegs starfs	ágúst 2020	júní 2021	Könnun gerð meðal starfs- manna í desember og aftur í maí.	Að starfsfólk verði betur upplýst.
Vinnustað vel stjórnað	Að skilaboð verði skýrari.	Að stjórnendur gefi skýrari skilaboð.	Leikskólastjóri aðstoðar- leikskólastjóri, umsjóna maður faglegs starfs og deildarstjórar.	ágúst 2020	júní 2021	Könnun gerð meðal starfs- manna í desember og aftur í maí.	Að starfsfólki líði betur í vel stjórnuðu umhverfi.
Nýliðafræðsla	Að efla fræðslu og upplýsingar til nýrra starfsmanna.	Aðstoðarleik- skólastjóri sér um viðtölin ásamt deildarstjóra	Aðstoðarleik- skólastjóri og deildarstjóri	Upp- haf starfs	Eftir 3 mán.	Í lok skólaárs verður metið með nýjum starfsmönnum hvernig til tókst.	Að allir nýir starfsmenn fái nýliða- fræðslu.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á þessu starfsári munum við breyta til og hafa snerpusamtöl en það eru fjögur stutt samtöl yfir veturinn sem munu vera ca. 15-20 mín. hvert og verður umræðuefni þeirra, starfsandi, styrkleikar og hæfileikar, tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun, nýsköpun og stöðugar framfarir. Leikskólastjóri byrjar á því að taka samtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Í framhaldi munu deildarstjórar og sérkennslustjóri eiga samtalið við starfsmenn sem vinna með þeim. Samtölin eru stutt þar sem einblínt er á líðan starfsmanns í starfi og þróun. Í þessum samtölum eru verkefni og samskiptavandi ekki rædd því þetta er fyrst og fremst vettvangur til að taka stöðuna, en niðurstaða samtalsins getur leitt til þess að boða þarf til fundar þar sem þau atriði eru rædd. Samtal 1 mun fara fram í september og niðurstöður liggja fyrir eigi síðar en í nóvember. Samtal 2 mun fara fram í lok nóvember og niðurstöður liggja fyrir í janúar. Samtal 3 mun fara fram í febrúar og niðurstöður liggja fyrir í apríl. Samtal 4 mun vera í lok apríl og liggja niðurstöður fyrir í júní. Starfsmenn fá umræðuefni og spurningar í hendurnar þegar samtalið er boðið og hafa því tíma til að undirbúa sig. Ef allir koma undirbúnir í samtalið þá getur samtalið farið fram innan skilgreinds tímaramma.

Fundir og samtöl eru við nýja starfsmenn fyrstu þrjá mánuði í starfi, þar er farið yfir móttökuáætlun, þjálfun, hvatningu og líðan á nýjum vinnustað. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um móttöku og móttökuáætlun ásamt deildarstjórum. Deildarstjórar eru með hvatningar- og leiðbeiningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Áherslur og símenntun starfsárið 2020-2021

- Leikur að læra 2 - 4 starfsmenn sækja ráðstefnu.
- Fáum starfsmann frá Leikur að læra til að koma með innspýtingu.
- Vináttuverkefnið Blær. Námskeið á skipulagsdegi í ágúst fyrir starfsmenn.
- Mennta-Stefnumót 10. maí. Allir starfsmenn fara á viðburðinn í Hörpu.
- Námskeið sem verða í boði hjá Skóla- og frístundasviði sem henta okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.
- Námskeið og fyrirlestrar sem tengjast sköpun
- Námsferð í apríl þar sem farið verður í skólaheimsóknir og námskeið í Finnlandi.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Næsta skólaár eru töluverðar breytingar á samstarfi milli skólastiga þar sem nýr skólastjóri er að taka við Borgaskóla. Skólastjórinn sem tekur við hefur starfað í Kelduskóla/Víkurskóla og hafa þau verið í samstarfi við leikskólann Nes til margra ára með verkefni sem byggist á Söguaðferðinni. Við munum fara inn í þetta samstarf ásamt Nesi og vegna þessara breytinga verður fundað í byrjun september um það hvernig þessu samstarfi verður háttað. Lýsingin á samstarfinu er fengin að láni frá leikskólanum Nesi.

Unnið er með söguaðferðina (e.story-line) í samstarfi við Borgaskóla. Teknir eru tveir sögurammar yfir veturinn. Ramminn fyrir áramót stendur yfir í átta vikur en tíu vikur eftir áramót og fara börnin einu sinni í viku 80 mínútur í senn í grunnskólann.



Leitast er við að skapa ævintýraheim þar sem börnin eru þátttakendur og leita sjálf lausna. Umhverfið er hvetjandi þar sem nám barnanna fer fram í gegnum leik.

Fyrir áramót er tekið fyrir gamalt ævintýri og unnið með það en eftir áramót er tekinn rammi sem heitir „Að byrja í grunnskóla“ og eru heimsóknir til sérgreinakennara fléttaðar inn í. Í hverjum ramma er reynt að skapa ævintýraheim sem hvetur börnin til að lausna á vandamálum sem upp koma. Það er mikilvægt að gleyma ekki leiknum í þessari vinnu, því í gegnum leik læra börnin mest. Söguaðferðin er kennsluaðferð sem hentar börnum mjög vel þar sem hún býður upp á spennu og ævintýr. Í lok hvers ramma er haldin hátíð eða sýning þar sem foreldrum er boðið að koma og sjá afraksturinn.

Markmið með heimsóknunum er:

- að efla enn frekar samvinnu leik- og gunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiga
- að undirbúa börnin gegnum leik fyrir næsta skólastig t.d. lestrar- og stafabjálfun, talnaskilning og hugtakabjálfun.

Hverju skilar starfið:

- Eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum.
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans.
- Eykur áhuga á ritmáli og hvetur börnin til þess að skrifa.
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar.

Markmið samstarfs Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynna starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru.

Leikskólinn nýtir íþróttasal í Borgaskóla eins og kostur er fyrir þrjá elstu árgangana.

Síðastliðið starfsár voru elstu börnin á Kardemommubæ og Sjónarhóli og gekk samstarfið við Vættaskóla - Borgir vel. Næsta skólaár verða elstu börnin (ca 14 börn) á Sjónarhóli ásamt 2016 árgangi.

6 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.



- Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur.

Á foreldrafundi leikskólans í september er kosið í foreldraráð og foreldrafélag, en nú starfa þrír fulltrúar í ráðinu og 5 fulltrúar í félaginu. Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi í foreldraráði situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans

Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.

Foreldrafundur verður í haust þar sem farið verður yfir starfið sem er framundan. Það hefur komið fram sú hugmynd að gera kynningarmyndband um starfið sem síðan verður sent til foreldra, sett á facebook síðu leikskólans og á heimasíðu, þar sem sýnt er í máli og myndum hvað við erum að gera og hvað við leggjum áherslu á. Það hafa verið vangaveltur um það hjá okkur hvað við getum gert til að allir foreldrar/forráðamenn séu upplýstir um starf leikskólans, því mæting á foreldrafundi hefur verið ansi dræm. Með því að hafa sýnilegt kynningarmyndband um starfið og áherslur leikskólans geta foreldrar/forráðamenn skoðað myndbandið þegar þeim hentar.

Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldrasamtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Foreldradagar verða 29. mars - 31. mars 2020. Þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. (Sjá skóladagatal).

Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti.

Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er fenginn túlkur til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuaðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldrasamtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítýngd fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. Skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi, endurmat og skipulagningu. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þá tókum við einungis 5 skipulagsdaga starfsárið 2019-2020. Við fengum að geyma hann fram á haustönn og verður hann því 24. ágúst n.k.

Skipulagsdagar starfsárið 2020-2021

- **Mánudaginn 24. ágúst 2020.** Skipulagsdagur frá vorönn. Undirbúningur fyrir nýtt starfsár. Námskeið í vináttuverkefni „Blæ“
- **Mánudaginn 5. október 2020.** Sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla í Grafarvogi.
- **Föstudaginn 4. desember 2020.** Námskeið/fyrirlestur/fræðsla
- **Föstudaginn 5. febrúar 2021.** Sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla í Grafarvogi.
- **Miðvikudaginn 21. apríl 2021.** Námsferð starfsfólks til Finnlands. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
- **Föstudaginn 23. apríl 2021.** Námsferð starfsfólks til Finnlands. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
- **Mánudaginn 10. maí 2021.** Mennta-Stefnumót. Menntastefnuhátíð í Hörpu til að fagna þriggja ára innleiðingarfasa menntastefnunnar. Þar munu koma saman allir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili borgarinnar.
- Sjá nánar leikskóladagatal 2020-2021 fylgiskjal 10.2.



8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1- Umsögn foreldraráðs

8.2 8.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal



F. h. leikskólans Hulduheima

Elín Rós Hansdóttir
Leikskólastjóri

03.07.2020
Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2020 – 2021



Umsögn foreldraráðs er unnin af Sigrúnu Jónatansdóttir fulltrúa í foreldraráði.



Umsögn foreldraráðs

Það er við hæfi að byrja á að þakka starfsfólki Hulduheima fyrir sinn þátt í að halda vel utan um leikskólastarfið á liðnum vetri. Það var mikils virði fyrir börnin og samfélagið allt að hafa þetta framvarðasveit innan leikskólans á tímum óvissu og þeirrar heimsvár sem enn vofir yfir. Starfið var endurskipulagt á ógnarhraða eftir þeim aðstæðum sem uppi voru, hvort sem um verkföll eða heimsfaraldur var að ræða. Mikið var lagt upp úr því að mæta þeirri þörf sem skapaðist, bæði það að halda aðstæðum barnanna í sem eðlilegustu horfi á óvissutímum og eins að fara eftir þeim síbreytilegu reglum og viðmiðum sem lögð voru fram hverju sinni.

Eðlilega hefur hluti þeirra markmiða sem lögð voru fyrir á líðandi skólaári færst yfir á nýtt skólaár vegna aðstæðna. Það er þó ánægjulegt að sjá að enn er horft fram á veginn og mörg áhugaverð námstækifæri í deigluinni fyrir börnin til viðbótar við það umbótastarf sem sem nú þegar er unnið. Markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar eru sýnileg í starfsáætluninni og það er ánægjulegt að sjá þá áherslu sem lögð er á læsi með fjölbreyttum aðferðum og endurmenntun starfsfólks á því sviði. Það er einnig gott að sjá eldri verkefni fá aukið vægi að nýju en skólinn hefur státað af öflugum umhverfisstarfi í gegnum árin. Það sama á við um Barnaþing en þar er unnið með mikilvæga þætti í námi barnanna sem gott verður að sjá að nýju. Í starfsáætluninni eru áform um aukna áherslu á tækni og sköpun, bæði með áframhaldandi vinnu í því sem byrjað er að innleiða og eins með nýju samstarfi við Myndlistaskóla Reykjavíkur. Það er því fjölmörg góð markmið lögð fyrir næsta skólaár, þau eru bæði viðráðanleg og skýr auk þess eins og áður segir að falla vel að þeirri menntastefnu sem unnið er eftir.

Innra mat deilda er líkt og fyrri ár bæði heiðarlegt og nokkuð markvisst. Upplýsingarnar eru settar fram með ólíku sniði á milli deilda sem gerir lesandanum erfiðara fyrir að fá yfirsýn yfir innra matið en upplýsingarnar koma þó í meginatriðum fram. Áfram er unnið með viðfangsefni sem hafa reynst vel eins og Barn vikunnar og Lubbi finnur málbein. Einnig er gott að sjá að áframhald verði á vináttuverkefninu Blæ en foreldrar fengu kynningu á því við upphaf skólaársins og það virtist hafa farið vel af stað. Starfsfólk er óhrætt við að halda áfram að efla sig og faglegt starf með því að gera breytingar á innra starfi, endurmeta og gera breytingar til batnaðar en um leið halda í góðar hefðir. Aldursskipting barna var líklega óheppileg á Kardemmommubæ og Sjónarhóli þar sem þrír árgangar voru á deildinni, þar á meðal skólahópur. Fyrir vikið verður starfið flóknara og þyngra í vöfum fyrir starfsfólk. Þar koma eflaust að einhverju leyti til ytri skipulagsbreytingar borgarinnar þar sem leikskólinn hefur mögulega ekki fengið nægt rými til að aðlagast inntöku yngri barna. Það er ánægjulegt að sjá að lagt verði upp með að vinna með færri árganga á hverri deild á næsta skólaári á meðan ekki er unnið sérstaklega út frá aldursblöndun í starfi leikskólans.

Eftir að hafa lesið áætlunina kom upp spurningin um hvar Reggio Emilia komi inn í myndina þar sem hugmyndafræðinnar er ekki getið í starfsáætlun. Hvort gert sé ráð fyrir að halda áfram að nýta þá hugmyndafræði og viðhalda þekkingunni meðal starfsfólks eða hvort aðrar aðferðir/hugmyndir leysi Reggio af hólmi.

Í innra mati verður að hafa í huga að dagskipulagi var mikið breytt vegna aðstæðna seinni hluta vetrar og því er ánægjulegt að sjá hve vel hefur verið haldið utan um það starf sem unnið var, bæði á haustönn og einnig það hve vel tókst til við að halda grunnstarfseminni gangandi í þeirri ringulreið sem fylgdi vaktaskiptingu starfsfólks, forföllum og þeirri smitgát sem krafist var af starfsfólki af hálfu yfirvalda.

Það er miður að SFS óski ekki eftir upplýsingum um sérkennslu leikskólanna í ár. Í umsögn foreldraráðs frá síðasta skólaári er tekið fram að leikskólinn uppfylli allar helstu kröfur er snúa að sérkennslu og stuðningi að undanskilinni skriflegri áætlun um snemmtæka íhlutun. Ekki er vitað til þess að sú áætlun



hafi litið dagsins ljós en enn og aftur skal taka fram að ófyrirséð verkefni við endurskipulagningu skólastarfs getur hafa haft áhrif á áætlanagerð sem þessa. Það verður ánægjulegt að sjá þá áætlun þegar hún verður lögð fram. Í ár hefur sérkennsla verið skert vegna langtímaforfalla og hefur það haft áhrif á þjónustu við hluta nemenda. Þar sem ekki er fjallað sérstaklega um sérkennslu í starfsáætluninni er foreldraráð ekki með yfirsýn yfir þann hluta sérkennslu sem til staðar var í vetur.

Umfjöllun um ytra mat byggir á niðurstöðum starfsmannakönnunar frá upphafi árs 2020. Þátttaka var heldur lítil, eða 46% en þar sem niðurstöður könnunarinnar eru í takt við útkomu úr sambærilegri könnun frá árinu áður er lögð áhersla á þá umbótaþætti sem þar komu fram. Það vekur athygli að stór hluti umbótaþátta fjallar um stjórnun og upplýsingaflæði en þegar styrkleikar í starfinu er hafðir til hliðsjónar virðist sem ágætt skipulag sé til staðar innan skólans og upplýsingaflæði í föstum skorðum. „Upplýsingafundur haldinn á hverjum morgni, fundargerðir og aðrar upplýsingar settar á kaffistofu, stjórnendateymisfundir einu sinni í viku. Starfsmenn virðast sjá þau tækifæri sem fylgja nýjum áherslum og nýjum leikskólastjóra en umbótaþátturinn felst í skýrari fyrirmælum. Árið 2019 voru þeir þættir sem höfðu lækkað á milli mælinga settir í umbótatöflu ytra mats og það sama á við í ár. Til viðbótar við upplýsingaflæði og stjórnun er horft til móttöku nýliða og ákvarðana/faglegra forsenda. Starfsþróunarsamtöl verða með breyttu sniði næsta skólaár þar sem unnið verður með snerpusamtöl í stað lengri starfsþróunarsamtala. Um er að ræða styttri samtöl fjórum sinnum yfir veturinn með skilgreindum markmiðum. Að sama skapi er lögð fyrir áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Hugmyndin er góð og í samræmi við nýja þekkingu á sviði mannauðsmála. Áætlun skólans í endurmenntun starfsfólks er metnaðarfull líkt og fyrri ár. Samkvæmt starfsáætlun er áætlað að innleiða nýjar kennsluaðferðir og snýr endurmenntunin að því að styrkja starfsfólk í þeirri vinnu.

Þær breytingar sem gerðar verða á grunnskólum í norðanverðum Grafarvogi næsta haust hafa áhrif á samstarf leik- og grunnskólanna í hverfinu. Áfram verður samstarf milli Hulduheima og starfsstöðvar grunnskóla við Vættaborgir sem aftur mun fá nafnið Borgaskóli, Hvergiland verður á sínum stað og tekur á móti elstu nemendum Hulduheima til að leyfa þeim að kynnast frístundaheimilinu. Áfram er stefnt á gott samstarf á milli leik- og grunnskólans þar sem leikskólinn hefur m.a. haft aðgang að ákveðnum tímum í íþróttahúsi skólans. Það er ánægjulegt að sjá hve jákvætt viðhorf leikskólastjóra er til þeirra tækifæra sem felast í breytingunum. Með nýju fyrirkomulagi er lagt enn meira upp úr því að brúa bilið á milli leik- og grunnskólans og vonandi geta allir notið góðs af samstarfinu.

Hugmyndir eru uppi um gerð kynningarmyndbands til að kynna starf leikskólans að hausti. Þær hugmyndir eru sprottnar vegna dræmrar þátttöku á foreldrafundum. Allar stafrænar lausnir eru af hinu góða og ef þær gera fleirum kleift að kynna sér starf leikskólans á þeim tíma sem hentar þeim þá er það vel. Það vakna hins vegar spurningar um þá dræmu þátttöku sem nefnd er, síðasta foreldrakynning var það þéttsetnir að ekki voru sæti/pláss fyrir alla. Kynningarmyndbönd sem viðbót til að ná til fleiri foreldra getur því verið góð lausn en það má þó ekki gleyma þeim stóra hópi foreldra sem gefur sér tíma til að sinna samstarfinu og vill nýta þau tækifæri sem bjóðast til að kynnast starfi leikskólans og því umhverfi sem börnin dvelja í meginþorra vökutímans. Það verður fróðlegt að sjá hvernig tæknilausnir verða nýttar á næstu árum til að efla samstarfið á milli heimilis og skóla.

Skóladagatal er lagt fram fyrir komandi skólaár en til viðbótar þeim sex starfsdögum sem eru á hverju ári bætist við einn í ágúst vegna tilfærslu á skipulagsdegi frá vori. Í apríl er leikskólinn mikið lokaður vegna frídaga og skipulagsdaga. Skipulagsdagarnir eru sannarlega mikilvægir til að undirbúa faglegt starf en það er óheppilegt að ekki náist að dreifa frídögum barnanna betur yfir skólaárið.

Ef horft er til baka yfir síðasta skólaár hefur mikil vinna verið unnin við að gera Hulduheima enn betri. Bætt aðstaða á útsvæði hefur breytt heilmiklu fyrir útiveru barnanna þar sem þau dreifast betur um



lóðina og yngri börnin hafa aðgang að öruggu leiksvæði út frá aldri og þroska. Það er ekki verra að með þessu fékk leikskólinn ákveðna andlitslyftingu sem íbúar hverfisins geta verið stoltir af. Í heildina er ánægjulegt að líta yfir starfsáætlunina, hún er lýsandi fyrir þann metnað sem ríkir um að byggja upp faglegt og gott starf fyrir börnin. Fjöldmörg verkefni eru sett á forræði nýs umsjónarmanns faglegs starfs í leikskólanum (ásamt öðrum) og það er til mikils að vinna að það starf heppnist vel. Þar með er verið að leggja áherslu á að umbótum í áætluninni sé fylgt vel eftir og sá metnaður sem hér er tíundaður verði að raunveruleika.

Að lokum er tilefni til að ítreka upphafsorð umsagnarinnar. Takk!, óeigingjarnt starf leikskólafólks var grunnurinn að því að hægt var að halda hjólum atvinnulífsins gangandi í samkomubanni nú í vor. Heilbrigðisþjónusta landsins, löggæsla og önnur grunnþjónusta hefði ekki verið eins öflug og raun bar vitni ef ykkar hefði ekki notið við. Verkefnið var mjög flókið en starfsfólkið sýndi það og sannaði að það eru fáir hlekkir í keðjunni jafn mikilvægir og leikskólinn.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Hrafnkelsdóttir

Katrín Hólm Árnadóttir

Sigrún Jónatansdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Leikfangadagur	1 F	1 S Vináttuvika	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skirdagur	1 L Verkalýðsdagurinn	1 Þ Útleikfangadagur	1 F
2 S	2 M	2 F Tæknikukkutími	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F Frídagur verslunarmanna	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M Sameiginlegur Skipulagsdagur	5 F	5 L	5 Þ	5 F Sameiginl. skipulagsd. Dagur stærðfræðinnar	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S Opnum eftir sumarfrí	6 Þ	6 F	6 S	6 M Prettlándinn Leikfangadagur	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S Sjömannadagurinn	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M Blár dagur	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis/Læsisstöðvar	8 F	8 S Baráttudagur einelti gegn	8 Þ	8 F	8 M Vináttuvika	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Brunaaefing í vikunni	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Stekkjastaur kemur í kvöld Rauður dagur	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Skipulagsdagur	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M Jólavertkaði	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F Þjóðhátíðarvika	11 S
12 M	12 L	12 M Brunaaefing í vikunni	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F Hattadagur	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ Tæknikukkutími	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F Tæknikukkutími	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M Þjóðhátíðarvika	14 M Sumarfrí til og með 12/8
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ Þjóðhátíðarvika	15 F
16 S	16 M Dagur ísl. náttúru/Týna rusl	16 F Bleikur dagur	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M Jótaball	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M Þjóðhátíðarvika	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagur	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L Dagur mannréttinda barna	19 Þ Vasaljósadagur	19 F Dómukaffi	19 F	19 M Jarðskjálftaefing	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F Barnamenningarhátíð Skipulagsdagur	20 S	20 Þ
21 F	21 M Foreldrafundur	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M	21 F Barnamenningarhátíð	21 F Kveðjustund - Útskrift	21 M Hjóladagur
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur Herrakaffi	22 M	22 M	22 F	22 L Sumardagurinn fyrsti Skipulagsdagur	22 Þ Hjóladagur	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S Barnamenningarhátíð	23 M Hvítasunnudagur	23 M Hjóladagur
24 M	24 F Skipulagsdagur	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F Hjóladagur	24 L
25 Þ	25 F Aðlögun byrjar	25 S	25 M	25 F Jóladaur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F Snúðahlaup	25 S
26 M	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M Útskriftarferð	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ Bangsadagur Náttfatadagur	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F			29 M Foreldradagur	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L			30 Þ Foreldradagur	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F Gamlársdagur	31 S			31 M Foreldradagur		31 M	